

# Lynghólsvegur 24, Mosfellsbæ

L125324

*Úttektarskýrsla minjavarðar*

Nafn Henny Hafsteinsdóttir  
Ár 2024



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland



Höfundur  
Henny Hafsteinsdóttir  
Sigurður Bergsteinsson

Ljósmyndir  
Henny Hafsteinsdóttir

Ljósmynd á forsíðu  
Horft í suður eftir grjótgarði

© xxxx  
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Iceland  
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

|    |                                 |    |
|----|---------------------------------|----|
| 1. | Aðdragandi vettvangsferðar..... | 4  |
| 2. | Fyrri rannsóknir .....          | 4  |
| 3. | Staðhættir .....                | 4  |
| 4. | Rannsókn – aðferð .....         | 5  |
| 5. | Fornleifaskrá .....             | 5  |
| 6. | Hús og mannvirki.....           | 8  |
| 7. | Niðurstöður .....               | 9  |
| 8. | Heimildaskrá .....              | 10 |

## Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:  
3301

Tilgangur úttektar:  
Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar

Staðsetning:  
370196,402984

Dagsetning vettvangsferðar:  
1. júlí 2024

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Skipulags-arkitekta- og verkfræðistofan ehf. eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag á lóð L125324 í Mosfellsbæ. Skipulagssvæðið er um það bil 2 ha. að stærð, sunnan við Hafravatnsveg (við Lynghólsveg 24). Fyrirhugað er að skipta lóðinni í þrjár sumarbústaðalóðir.



Mynd 1 – Hluti af skipulagsupprætti, unnin af Skipulags- arkitekta- verkfræðistofunni ehf. 12. júní 2024

## 2. Fyrri rannsóknir

Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins.

## 3. Staðhættir

Svæðið er staðsett í landi jarðarinnar Miðdals, sunnan við Hafravatnsveg, norð-austan við Sólheimatjörn. Saga Miðdals er rakin í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem gefin var út árið 2006. Áberandi hæðarmunur er milli austur og vesturhluta og í þeim bakka er þéttur skógur. Austan megin við lóðarmörk næstu lóðar eru tún en vestan megin eru tveir sumarbústaðir byggðir 1959 og 1993 ásamt skúrbyggingu.



Mynd 2 – Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði og hæðarlínur norður/suður.

#### 4. Rannsókn – aðferð

Vettvangsathugun:

Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi heimildir, fyrri fornleifaskráningu og ýmsa kortagrunna og loftmyndir. Að því loknu var svæðið skoðað á vettvangi af minjaverði og fornleifafræðingi Minjastofnunarinnar. Rætt var við landeigenda. Teknar voru myndir og minjar (yngri en 100 ára) skráðar með verkefnanúmeri stofnunarinnar (3301). Minjarnar voru mældar upp með nákvæmu GPS-mælitæki, hnitsettar og færðar inn á vefsíðu Minjastofnunarinnar.

#### 5. Fornleifaskrá


Á lóðinni fundust 4 minjar. Að sögn landeigenda er um að ræða hestarétt sem fyrri eigandi útbjó sunnarlega á lóðinni, ásamt veglegum grjóthleðslum/görðum á austurhluta lóðarinnar.

Á loftmyndum frá árinu 1954 og 1997 er ekki hægt að greina þessar minjar en þær sjást á loftmynd frá árinu 2004 og því ljóst að um er að ræða yngri minjar sem ekki teljast til friðaðra fornleifa skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Garðarnir eru u.þ.b. 1,5-2 metra háir grasi grónir að stórum hluta og u.þ.b. 1-5 metrar á þykkt. Þeir hafa verið mótaðir þannig að þeir mynda sveiga í landslaginu og eru tún austan megin og mólendi og skógur vestan megin. Þeir setja mikinn svip á landslagið og bera vitni um rækt á lóðinni á síðustu árum. Ákveðið var að mæla minjarnar með nákvæmu GPS mælitæki og gefa þeim

verkefnanúmer. Hægt er að nálgast þær uppmælingar hjá [skraning@minjastofnun.is](mailto:skraning@minjastofnun.is) Engar friðaðar fornleifar fundust á vettvangi.



Mynd 3 – Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði árið 1954



Mynd 4 - Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði árið 1997



Mynd 5 - Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði árið 2004

**3301-001**    Hestarétt



Mynd 6 – 3301-001 Hestarétt

**3301-002**    Grjótgarður A norður



Mynd 7 – Grjótgarður A norður

3301-003 Grjótgarður B



Mynd 8 – Grjótgarður B

3301-004 Grjótgarður C suður



Mynd 9 – Grjótgarður C suður

## 6. Hús og mannvirki

Á svæðinu eru tveir sumarbústaðir byggðir 1959 og 1993 ásamt skúrbyggingu.

Lynghólsvegur 24 Sumarbústaður



Mynd 10 – Eldri sumarbústaður

Lynghólsvegur 24

Sumarbústaður



Mynd 11 – Yngri sumarbústaður

Lynghólsvegur 24

Skúrbygging



Mynd 12 - Skúrbygging

## 7. Niðurstöður

Á vettvangi fundust fjórar minjar, þrír grjótgarðar eða grjóthleðslur og hestarétt. Allt eru þetta svokallaðar yngri minjar, sem sennilega hafa verið gerðar í tengslum við ræktun á svæðinu og gerð beitartúns.

Minjarnar hafa verið mældar með nákvæmu GPS mælitæki, sjá mynd hér fyrir neðan. Hægt er að nálgast uppmælingar hjá [skraning@minjastofnun.is](mailto:skraning@minjastofnun.is)



Mynd 13 – Úttektarsvæði með uppmælingum af minjum.

## 8. Heimildaskrá

Þjóðminjasafn Íslands. (2006). Fornleifaskrá Mosfellsbæjar. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.

Kortavefsjá Mosfellsbæjar:

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Skipulagsvefsjá:

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulag-vefur/display.aspx?numer=3162>

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands:

<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

## Myndaskrá

|                                                                                                               |   |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1 – Hluti af skipulagsupprætti, unnin af Skipulags-arkitekta- verkfræðistofunni ehf. 12. júní 2024 ..... | 4 |
| Mynd 2 – Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði og hæðarlínur norður/suður. ....                          | 5 |
| Mynd 3 – Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði árið 1954.....                                            | 6 |
| Mynd 4 - Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði árið 1997.....                                            | 6 |
| Mynd 5 - Kortavefsjá Mosfellsbæjar – skipulagssvæði árið 2004.....                                            | 7 |
| Mynd 6 – 3301-001 Hestarétt .....                                                                             | 7 |
| Mynd 7 – Grjótgarður A norður .....                                                                           | 7 |
| Mynd 8 – Grjótgarður B .....                                                                                  | 8 |
| Mynd 9 – Grjótgarður C suður .....                                                                            | 8 |
| Mynd 10 – Eldri sumarbústaður .....                                                                           | 8 |
| Mynd 11 – Yngri sumarbústaður .....                                                                           | 9 |
| Mynd 12 - Skúrbygging .....                                                                                   | 9 |
| Mynd 13 – Úttektarsvæði með uppmælingum af minjum. ....                                                       | 9 |

## Viðaukar

T.d. landupplýsingargögn eða önnur ítargögn sem fylgja úttektinni.